

Stjórnarfundur UMSB 31.janúar 2013 kl. 21.00

Borgarbraut 61

Mættir á fund: Ásgeir Ásgeirsson, Aðalsteinn Símonarson, Sigurður Guðmundsson, Kristín Gunnarsdóttir og Hrönn Jónsdóttir.

Flemming Jessen og María Hlín Eggertsdóttir boðuðu forföll.

Sigurður setur fund.

Fundir: ákveðið að hafa sambandsþing á Varmalandi 9. Mars og hefja þingstörf kl. 10.00. stjórnarfundur ákveðinn fimmtudaginn 21. Febrúar og 5. Mars. Ákveðið að geyma lagabreytingar til stjórnarfundar þann 21. Febrúar.

Rekstraráætlun: ákveðið að stinga upp á hækkun á félagaskatti upp í 500 kr. Einnig ákveðið að leggja fram rekstraráætlun fyrir árið 2013 og líka 2014

Tilboð Inga Tryggvasonar í hluta húseignar UMSB rætt. Tilboðið samþykkt samhljóða.

Íbúafundur v. stefnumótunar ræddur. Rætt um þörf á að auglýsa hann vel. Þurfum að fá Borgarbyggð með okkur í lið við kynninguna. Umræða um viðbrögð aðildarfélaganna um samningsdrögin.

Talning úr kjöri á Íþróttamanni ársins, sem fór svo:

Bjarki Pétursson, Golf

Tinna Kristín Finnbogadóttir, skák

Harpa Hilmisdóttir, badminton

Konráð Axel Gylfason, hestaíþróttir

Sigmar Egilsson, körfuknattleik

Rætt um að breyta þurfi fyrirkomulagi á tilnefningum, ákveðið að næst verði skylda að ákveðið form sé fyllt út, til að gæta þess að allir veiti þær upplýsingar sem beðið er um.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 22.00

Hrönn Jónsdóttir ritaði fundargerð